

Ársskýrsla æskulýðsnefdar Sindra

2013



Hestamannafélagið Sindri





Inngangur

Hestamannafélagið Sindri hefur um nokkurt skeið lagt mikinn metnað í æskulýðsstarf og hefur æskulýðsnefnd félagsins boðið upp á fjölbreytta viðburði þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, alveg frá 3ja ára aldri upp í 21 árs aldur. Á marga af þessum viðburðum er ekki þörf á að koma með hesta enda horfum við til nýliðunar og viljum gefa börnum sem ekki eiga hross en hafa mikinn áhuga, tækifæri á að vera með í sportinu og fá að njóta félagsskaparins og viðburðanna. Stór liður í þessu eru reiðskólar Sindra sem hafa verið starfræktir af æskulýðsnefnd Sindra í fjölda ára en þar gefst öllum börnum kostur á að njóta samvista og útreiðatúra með hestum sem félagið útvegar.



Árið í ár var að stórum parti litað af þeirri háleitu hugmynd sem við höfðum fengið fyrir nær 2 árum að fara með unglingana og ungmennin okkar á HM í Berlín, mikil vinna var unnin við fjáröflun og undirbúning ferðarinnar sem skilaði sér svo sannarlega.

Hér verður greint frá helstu viðburðum sem æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra stóð fyrir starfsárið 2013.

Skemmtikvöld og fyrirlestur.

Starfsárið byrjaði á skemmtikvöldi á Ströndinni í lok Janúar. Þar kynnti æskulýðsnefnd fyrir krökkunum fyrirhugað starf vetrarins og hvatti til þátttöku á viðburðum nefndarinnar og á mótum vetrarins. Við fengum svo til okkar Hermann Árnason sundreiðarkappa sem sýndi okkur í máli og myndum frá ferðinni sem farin var árið 2009 þar sem hópur vatnagarpa reið frá Selfossi til Hafnar í Hornafirði á gamla mátann þar sem þeir sundriðu yfir ár og stórfljót. Krökkunum þótti þetta einstaklega áhugavert og voru óskir um að fá Hermann til þess að kenna hópnum sundreið og er sú hugmynd enn í pípunum. Eftir fyrirlesturinn fengu krakkarnir pizzur og gos frá Ströndinni en eftir matinn var svo bingó með mörgum kræsilegum vinningum sem flestir tengdust hestasportinu.



Leikjadagur 10-13 ára

Í lok febrúar buðum við til einskonar leikjadags fyrir 10-13 ára, hugmyndin var helst sú að fá krakkana til þess að koma saman og eiga skemmtilegan dag með hestum sínum og félögum. Ekki var þörf á að koma með hross svo allir höfðu möguleika á að mæta. Farið var í almennar jafnvægisæfingar inni í gerði sem mældust vel fyrir og svo var farið í þrautabraut sem búið var að setja upp. Gaman er frá því að segja að ein stúlka er svo full af áhuga að hún mætti handleggsbrotin til að horfa á og meira að segja eftir smá nuð og leyfi frá mömmu fékk hún leyfi til að fara á bak og vera teymd tvo hringi um gerðið.

Páskaeggjabingó

Um Páskana stóð æskulýðsnefnd fyrir páskaeggjabingói sem opið var fyrir alla, vinningar voru að mestu leyti páskaegg enda páskadagur í auglýsýn. Bingóið var liður í fjáröflun Berlínarfaranna okkar og var bingóið vel sótt og tókst ljómandi vel.



Æfingabúðir

Þar sem við höfum ekki yfir að ráða reiðhöll eða góðri aðstöðu til kennslu hópa, né heldur aðgang að lærðum kennurum í næsta nágrenni, höfum við undanfarin ár sett upp æfingabúðir heila helgi. Þá förum við með hross og börn einhvert þar sem aðstaða þykir hentug, leitumst við þá til þess að finna reiðhöll með aðstöðu fyrir hrossin alla helgina og helst sumarbústað fyrir krakkana að gista í. Í ár fengum við Sylvíu Sigurbjörnsdóttur til að kenna krökkunum, við gistum í sumarbústaði við Hellinn á Hellu en höfðum til afnota reiðhöllina á Hvolsvelli og að Oddhóli að laugardeginum þar sem höllin á Hvolsvelli var bókuð annan daginn. Akstur út og suður með hross og börn var því í meira lagi en allt gekk þetta þó stórvel og varð úr hin mesta skemmtun og mikill lærdómur. Meðal þess sem gert var í æfingabúðum var: Kennsla á hverjum degi, uppsettning á sýningaratriði á Hestafjöri 2013 og æfingar fyrir það, farið út að borða, grillað, spilað og spjallað, farið í sund og göngutúra. Æfingabúðirnar mælast vel fyrir og er ótrúlegt að sjá hversu mikið krakkarnir læra á svona stuttum tíma.



Kennsla í vetur

Nær allir virkir þátttakendur í unglingaflokki hestamannafélagsins fóru í 5 skipti með reglulegu millibili eftir æfingabúðirnar í kennslu til Sylvíu að Oddhóli. Kennslan var miðuð að keppni þar sem þessir einstaklingar hafa verið mjög virkir á öllum mótum Sindra auk þess að þau hafa mikið verið að taka þátt á öðrum stærri mótum.



Sýningaratriði á Hestafjöri 2013

Hestafjör 2013 var haldið á Selfossi þann 14. Apríl. Hestamannafélagið Sindri átti tvö sýningaratriði á þeirri sýningu og stóðu krakkarnir sig verulega vel og var umtalað hversu flott sýningin tókst en þar má þakka Sylvíu fyrir flotta uppsettningu og ótrúlega færni í því að kenna krökkunum á svo stuttum tíma sem hún hafði þetta flókna atriði. Við nutum svo einnig sýninga frá öðrum félögum en eftir fjörið var pizza partý í félagsheimilinu.



Reiðskólar Sindra 2013

Reiðskólar Sindra voru haldnir að vanda í Vík og í Skálakoti þann 31. Maí til 5. Júní. Öllum börnum frá 6 ára aldri gefst kostur á að taka þátt í reiðskólum Sindra og njóta stunda með hestunum sem góðfúslega eru lánaðir til reiðskólanna af félagsmönnum hestamannafélagsins Sindra. Samtals voru um 90 börn í reiðskólunum báðum í ár og er stærstur hluti þeirra börn sem ekki hafa aðganga að hrossum að öðrum kosti. Það má því nærri geta hversu gefandi og skemmtileg þessi vika er þar sem þakklát börn fá þann draum sinn uppfylltan að hafa aðganga að hrossum í 1 klukkutíma á dag í heila viku.



Reiðskólasýning 2013

Það hefur verið til siðs að fagna lokum reiðskólans með reiðskólasýningu, þar gefst krökkunum sem verið hafa í skólanum færi á að sýna foreldrum og öðrum hversu klár þau eru orðin eftir vikuna. Hver og einn hópur fékk að sýna sitt atriði og voru sýningarnar allt frá því að vera sýning 6 ára barna á hæfileikum sínum til að stýra og stöðva hrossunum upp í flókna sýningu og jafnvel í stólaleik. Sýningin tóks með eindæmum vel og það voru stoltir foreldrar sem horfðu á krakkana sýna listir sínar.

Æskulýðsreiðtúr

Æskulýðsnefnd stóð fyrir æskulýðsreiðtúr á Uppstigningardag. Farið var af stað um kaffileytið og riðið í austur átt. Við fengum þetta fína útreiðarveður, skýjað og úða á köflum sem var verulega frískandi. Riðið var að Flúðarnefi þar sem að var og fengu bæði hross og knapar hressingu. Eftir gott stopp var svo riðið aftur til Víkur. Þetta var góður hópur knapa og hrossa og höfðu allir verulega gaman af.

Æskulýðsmót Sindra

Æskulýðsmót Sindra var haldið 10-11. Júní í ár, þar fléttum við saman leik og kennslu sem er miðuð að keppni á Hestaþingi Sindra sem haldið var helginni á eftir æskulýðsmóti. Slegið var upp tjaldbúðum og gist eina nótt, Sylvía Sigurbjörnsdóttir var fengin til þess að koma til okkar og kenna krökkunum á vellinum og móta sýningu hvers og eins. Við fórum í góðan reiðtúr í kringum Pétursey, spiluðum og fórum í leiki, svo var auðvitað grillað eins og í alvöru útilegu.




Þátttaka í mótum

Krakkarnir okkar eru mjög virkir þátttakendur á mótum hestamannafélagsins og á starfsárinu voru þrjú vetrarmót, firmakeppni, hestaþing Sindra og hestaíþróttamóti USVS. Greinilegt er að unglingarnir eru meðal þeirra sterkustu á landsvísi en fjögur efstu sætin voru með frá 8,27 uppí 8,54 í A úrslitum á hestaþingi Sindra.

Við áttum svo einnig nokkra fulltrúa á eftirtöldum mótum og í toppbaráttunni í þeim flestum: Fjórðungsmót Austurlands, Suðurlandsmóti á Hellu, Hestaþingi Kóps, Firmakeppni Sleipnis og í íþróttakeppni á Akranesi ásamt fleiru. Greinilegt er að öfluga æskulýðsstarfið skilar sér í þrúðum og ásetufallegum knöpum.





Ferð á HM í Berlín

Það má með sanni segja að ferðin til Berlín hafi verið stærsti viðburður sem æskulýðsnefnd Sindra stóð fyrir í ár. Hugmyndin fæddist eftir HM 2011 henni var varpað fram á fundi æskulýðsnefndar í janúar 2012 og þótti sumum hún auðvitað svolítið óraunhæf en samt sem áður var ákveðið að framkvæma hugmyndina. Haldnir voru fundir með foreldrum unglunga fæddum 1999 og eldri og fékk hugmyndin fljótt byr undir báða vængi. Úr varð að farið var í öfluga fjáröflun í tæp tvö ár, krakkarnir unnu eins og berserkir við það m.a. að slá garða og snyrta fyrir fólk og fyrirtæki, týna grjót af reiðvegum fyrir hestamenn, þrifa heimili fólks, framreiða kaffiveitingar og hafa umsjón með sjoppusölu á viðburðum hestamannafélagsins, aðstoða við kennslu í reiðskólum Sindra, selja klósettpappír og eldhúsrúllur, þvottaefni, lakkrís og plastpoka. Einnig var styrkjum safnað í formi auglýsinga á boli og peysur sem krakkarnir klæddust á mótinu.



Öll þessi vinna skilaði sér í því að krakkarnir áttu fyrir Berlínar ferðinni frá A-Ö, þ.e. flugi, gistingu, HM-miðum, útsýnistúrum og uppihaldi alladagana í Berlín.

Meira að segja eiga þau afgang eftir ferðina sem án efa verður nýttur vel.

Lagt var af stað í leiðangurinn þann 6. Ágúst síðastliðinn og kemur stutt ferða saga hér:

Að kvöldi 6. Ágúst hittist hópurinn, 10 unglingar og 6 fullorðnir á “bankaplaninu” í Vík, uppáklædd nýja einkennisfatnaðinum frá Víkurprjón, merkt í bak og fyrir af styrktaraðilum. Teknar voru myndir af mannskapnum sem síðan voru sendar á ýmsa fjölmiðla og hlutu mikla athygli, enda föngulegur hópur þarna á ferð.



Eftir myndatöku var lagt af stað til Keflavíkur. Inntékk gekk eins og í sögu svo að undir kl 01:00 var hópurinn kominn í loftið og rúmlega 3 tímum síðar vorum við mætt til Berlínar í 30 stiga hita eldsnemma að morgni til. Fyrsti dagurinn var nýttur í skoðunarferðir þar sem við gátum ekki tékkað okkur inn á hótél fyrr en um 14:00. Við sáum m.a. Brandenburger hliðið, Berliner dom og fórum í 365 m háan útsýnisturn. Það sem mesta athygli vakti þó var fullt af búðum á torginu svo það varð strax ólga í mannskapnum að komast í búðirnar. Seinni part dagsins var HM svæðið tekið út og strax orðin mikil tilhlökkun að verja næstu dögum þar, næstu 4 dögum eyddum við svo í vellystingum á HM svæðinu og nutum sýninganna og stemmingarinnar. Það var því heldur tómlegt að yfirgefa HM svæðið á sunnudagseftirmiðdegi eftir endalausar gæsaþýðasýningar.

Mánudagurinn var nýttur í verslunarleiðangur þar sem stærri hluti hópsins gjörsamlega missti sig í búðarrápi frá morgni til kvölds. Á þriðjudeginum fórum við svo í hinn 160 ára dýragarð Berlínar og höfðum ofan af fyrir okkur með því að horfa á hinar fjölbreyttustu og forvitnilegustu dýrategundir, örlítið var kíkt í búðir á “laugavegi” Berlínar en að kvöldi var haldið á flugvöllinn og beinustu leið heim til Íslands. Það voru sælir en þreyttir ferðalangar sem lentu á Keflavíkurflugvelli undir miðnætti á þriðjudagskvöld og brunuðu svo heim á leið í næturhúminu.

Ferðin varð alveg hrein ævintýraferð sem heppnaðist alveg fullkomlega enda áttu þessir dugnaðarfólk okkar það fullkomlega skilið eftir allt harkið síðastliðin 2 ár, við getum aldeilis verið stolt af þessum einstaklega duglegu og frambærilegu einstaklingum sem við í hmf. Sindri eigum.

Við sendum styrktaraðilum okkar innilegar þakkir fyrir veittan stuðning og aðstoðina við það að láta drauminn verða að veruleika.

Pollapepp

Í lok nóvember er fyrirhugað pollapepp þar sem að félagsmönnum að 10 ára aldri verður gerður dagamunur með hesthúsheimsókn, hestaleikjum og góðgæti. Þar erum við að horfa til nýliðunar og hvatningar hjá framtíð félagsins.

Uppskeruhátíð

Að vanda verður uppskeruhátíð æskulýðsins í október, þar verður framreidd tveggja rétta máltíð, veitt tilnefning efnilegasta knapa ársins og haldnar umræður um starf æskulýðsnefndarinnar í ár og hvernig krakkarnir sjá fyrir sér starf næsta ár.

Niðurlag

Við í æskulýðsnefnd Sindra erum mjög stolt af starfi okkar þetta árið sem og undanfarin ár en það má þó segja að þetta ár hafi skarað framúr ekki hvað síst vegna ferðarinnar til Berlínar sem þurfti mikils undirbúnings við. Við höfum öll einstaklega gaman af því að skipuleggja viðburði fyrir krakkana og finnst frábært að geta deilt áhugamáli okkar með þeim. Við sjáum nú þegar, að vinna okkar síðustu ár hefur skilað sér í mjög frambærilegum keppendum í unglingaflokkum.

Þá er enn eitt starfsárið að enda en okkur hlakkar til að takast á við fleiri gefandi og skemmtileg verkefni á því næsta.

Með kveðju

Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra 2013

Hjördís Rut Jónsdóttir, form.

Vilborg Smáradóttir

Ásta Alda Árnadóttir

Orri Örvarsson

Jóna Þórey Árnadóttir

Harpa Rún Jóhannsdóttir

Erna Guðrún Ólafsdóttir